

**Vorfundur Samtaka forstöðumanna almenningsbókasafna,
haldinn á Center Hótel Miðgarði við Hlemm.**

26. – 27. apríl 2018

Vorfundur SFA 2018 hófst með aðalfundi félagsins fimmtudaginn 26. apríl en tæplega 35 félagar voru mættir. Að loknum aðalfundi fór hópurinn í óvissuferð í Garðabæ og Hafnarfjörð þar sem byrjað var á heimsókn í Hönnunarsafn Íslands og síðan keyrt áfram í Hafnarfjörðinn og Byggðasafn Hafnarfjarðar heimsótt. Um kvöldið var kvöldverður á Jørgensen Kitchen & Bar.

Föstudaginn 27. apríl hófst dagskrá vorfundar formlega, Óskar Guðjónsson fundarstjóri bauð fundargesti velkomna upp úr kl. 9:00.

Pálína Magnúsdóttir Borgarbókavörður var fyrst í pontu og sagði hún frá nútíð og framtíð Borgarbókasafnsins. M.a. fræddi hún fundargesti um nýjan vef sem safnið mun vonandi opna á næstu vikum. Einnig sagði hún frá breytingum á húsnæði og nýju útibúi sem áætlað er að opni í Úlfarsárdal 2021.

Verkefnastjórar frá Menntamálastofnun þær Elsa Pálsdóttir og Guðbjörg Rut Þórisdóttir kynntu næst ýmis verkefni sem stofnunin býður til stuðnings og eflingar læsis í landinu. M.a. kynntu þær lesferilsvefinn sem er verkfæri sem hægt er að nota til að efla formlega lestrarkennslu, sögðu frá skimunum og prófum í skólum og ýmsum samstarfsverkefnum. Í lokin ræddu þær um sumarhrifin svokölluðu þar sem átt er við afturför í lestrarþróun barna sem á sér stað í sumarfríi.

Síðasta erindið fyrir hádegisverð var í höndum Elínar Bjarnadóttur markaðsfræðings sem sagði frá niðurstöðum rannsóknar um markaðshneigð almenningsbókasafna og skynjað virðis, ánægju og tryggð notenda. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að öll söfnin sem tóku þátt í rannsókninni voru yfir meðallagi til frekar markaðshneigðar og að ómarktækur munur er á milli markaðshneigðar bókasafna. Einnig kom fram að ómarktækur munur var á svörun notenda á þáttum virðis og tryggðar. Hún lagði fram í lokin hugmyndir að frekari rannsóknum á efninu, t.d. mætti skoða það hvort það væru eingöngu tengsl milli markaðshneigðar og ánægju í umhverfi háskóla- og sérfræðibókasafna og hvort að notendur ofmeti ánægju sína á bókasöfnum.

Að loknum hádegisverði kom hressur erindi um jákvæð samskipti á vinnustöðum frá Pálmari Ragnarssyni íþróttabjálfa og fyrirlesara. Hann tók fyrir nokkur mjög einföld og skotheld ráð fyrir stjórnendum um jákvæð samskipti á vinnustöðum og tók skemmtileg dæmi inn á milli þegar við átti. Hann talaði t.d. um umhverfið og stemningu á vinnustað, hvernig tekið er á móti nýjum starfsmönnum og hvernig við getum stýrt andrúmslofti á vinnustað.

Hrund Gunnsteinsdóttir þróunarfræðingur kom næst með áhugavert erindi um upplýsingar og þekkingu á tímum fjórðu iðnbyltingarinnar. Hún talaði um hraðar breytingar, yfirflæði upplýsinga, gervigreind, sjálfvirkni, vélmenni, genaverkfræði, aðgengi að tækjum, tólum og upplýsingum, 3-D og kynslóðabil. Hún endaði erindi sitt á að segja að þrátt fyrir tæknina sem mun verða þá munum við alltaf sjálf stýra okkar eigin lífi!

Síðasta erindi dagsins var eftir kaffihlé, en þá kom Dröfn Vilhjálmsdóttir bókasafnsfræðingur á skólasafni Seljaskóla og sagði frá safninu og hvernig hún hvetur nemendur til lesturs og notkunar á skólasafni skólans. Hún sýndi myndir frá ýmsum viðburðum og verkefnum sem hún hefur unnið innan safnsins og gaf okkur mörg góð ráð og hugmyndir.

Vorfunni SFA 2018 lauk kl. 15:30.